

Lög fyrir

SURTSEYJARFÉLAGIÐ

1. grein

Félagið heitir Surtseyjarfélagið. Heimili þess er í Reykjavík.

2. grein

Tilgangur félagsins er að efla rannsóknir í jarðvísindum og líffræði í sambandi við Surtsey og á Íslandi almennt. Félagið sjálf annast ekki rannsóknarstörf, en skal leitast við að efla og samræma rannsóknir á sviði jarðvísinda og líffræði, meðal annars með fjárhagslegum styrkjum til einstaklinga, stofnana eða verkefna.

3. grein

Félaginu er heimilt að taka við gjöfum, styrkjum og öðrum fjárhagsstuðningi frá innlendum og erlendum aðilum til starfssemi sinnar, en félagið starfar ekki í hagnaðarskyni.

4. grein

Félagar geta orðið íslenskir vísinda- og áhugamenn á sviði líffræði og jarðvísinda. Heimilt er félaginu og að bjóða erlendum vísindamönnum og áhugamönnum aukaaðild að félaginu, en þeir hafa ekki atkvæðisrétt um málefni félagsins. Ennfremur getur félagið kjörið heiðursfélaga. Inntaka nýrra félagsmanna er háð samþykkt aðalfundar, en tillaga um kjör heiðursfélaga skal hljóta samþykki 2/3 hluta fundarmanna til að öðlast gildi.

5. grein

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Skal hann haldinn í janúar ár hvert. Aðalfundur skal boða skriflega með minnst viku fyrirvara og er hann lögmætur, ef rétt er til hans boðað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á aðalfundi, nema annað sé tekið fram í lögum þessum. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

- a. Skýrsla stjórnar
- b. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins
- c. Kosning stjórnar
- d. Kosning tveggja endurskoðenda
- e. Lagabreytingar
- f. Önnur mál

6. grein

Stjórn félagsins nefnist Surtseyjarnefnd (Surtsey Research Committee). hana skipa 7 menn, sem kosnir eru á aðalfundi til eins árs í senn, auk þriggja varamanna. Formaður skal kosinn sérstaklega. Stjórnin kýs síðan úr sínum hópi varaformann, ritara og gjaldkera. Stjórnin er ályktunarfær ef 5 stjórnarmenn eða varamenn sitja fund. Leitast skal við að í stjórn séu fulltrúar sem flestra þeirra vísindagreina, sem félagið styður með fjárframlögum hverju sinni.

Stjórnin annast samræmingu rannsókna og skiptingu fjár til hinna ýmsu verkefna. Er stjórninni heimilt að stofna undirnefndir til að vinna að sérstökum verkefnum, svo og að kalla til innlenda og erlenda ráðgjafa eftir þörfum.

7. grein

Endurskoðendur félagsins eru tveir og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi.

8. grein

Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi, enda hafi það verið tekið fram í fundarboði, að tillögur um lagabreytingar liggi fyrir og félögum verið gefinn kostur á að kynna sér þær fram til fundarins. Er stjórn félagsins skylt að kynna þannig tillögur til lagabreytinga, sem einstakir félagsmenn vilja bera fram.